

Lykilupplýsingaskjal

Tilgangur

Þetta upplýsingaskjal færir þér lykilupplýsingar um þess fjárfestingarvöru okkar. Það er ekki markaðsefni. Þessara upplýsinga er krafist lögum samkvæmt til þess að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og hugsanlegan ávinning eða tap af vörinni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar vörur

Vara

VPV Future Plan^{Plus} (tariff ZPP) VPV

Lebensversicherungs-AG

VEREINIGTE POSTVERSICHERUNG VVaG

www.vpv.de/kontakt

Fyrir frekari upplýsingar vinsamlega hringið í +49 711 13 91 60 00

Fjármálaeftirlit sambandslýðveldisins Þýskalands (BaFin) er ábyrgt fyrir eftirliti með VPV Lebensversicherungs-AG í tengslum við þetta lykilupplýsingaskjal.

VPV Lebensversicherungs-AG hefur starfsleyfi í Þýskalandi og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits sambandslýðveldisins Þýskalands (BaFin).

Útgáfudagur lykilupplýsingaskjals: 01.01.2024

Þú ert við það að gera samning um flókna vöru sem getur verið erfitt að skilja.

Hvaða tegund vöru er þetta?

Vara

Vátryggingatengda fjárfestingarafurðin VPV Zukunftsplan^{Plus} er einingatengd söfnunarlíftrygging samkvæmt þýskum lögum.

Gildistími

Samningstími þessarar vöru samsvarar lengd söfnunartíma (iðgjaldsgreiðslutímabil). Þessa vöru er hægt að taka með mismundandi söfnunartíma. Útreikningar hér að neðan eru í dæmaskyni miðaðir við söfnunartíma sem nemur 40 árum. Við getum einhliða sagt upp samningunum við tiltekin skilyrði ef að tryggingartaki eða hinn vátryggði hefur vanrækt upplýsingaskyldu sína fyrir samningsgerð (sjá § 4 í almennum tryggingaskilmála fyrir Future Plan^{Plus})

Markmið

Í byrjun er aðallega fjárfest í UniNachhaltig Aktien Global, Nordea 1 - Global Climate and Environment Fund BP EUR og RobecoSAM Smart Energy Equities D EUR sjóðunum. UniNachhaltig Aktien Global fund, sem er í virkri stýringu, fjárfestir aðallega í alþjóðlegum hlutabréfum. Fyrirtækin sem fjárfest er í eru valin á grundvelli siðferðilegra, félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða. Nordea 1 - Global Climate and Environment Fund BP EUR, sem er í virkri stýringu, fjárfestir aðallega í alþjóðlegum hlutabréfum. Fyrirtækin sem fjárfest er í þróa loftslags- og umhverfisvæn lausnir. Smart Energy Equities D EUR, sem er í virkri stýringu, fjárfestir aðallega í alþjóðlegum hlutabréfum. Fyrirtækin sem fjárfest er í eru að stuðla að notkun hreinni og skilvirkari lausna í orkugeiranum. Þótt að VPV Future Plan^{Plus} innifeli ekki neina fjárfestingartryggingu í byrjun, verður ákveðin fjárfestingartrygging byggð upp með tímanum með svokallaðri vogunarstýringu. Samningseign verður að hluta til fjárfest í öryggiseignum VPV og í DWS Garant 80 Dynamic guarantee fund. VPV öryggiseignir þjóna þeim tilgangi að tryggja og fjármagna kröfur frá öllum tryggingartökum. Eignirnar samanstanda aðallega af innlendum (þýskum) og erlendum verðbréfum með föstum vöxtum, fasteignum, lánaskjólum og veðskuldabréfum fasteigna og taka einnig tillit til umhverfislegra og félagslegra sjónarmiða. DWS Garant 80 Dynamic sjóðurinn getur fjárfest alþjóðlega í hlutabréfum, hlutabréfasjóðum, skuldabréfum, skuldabréfasjóðum og pemingamarkaðsgerningum ásamt afleiðum á mánaðarlegum grundvelli þar sem sérstaklega er tekið tillit til 80% fjárfestingartryggingarinnar. Verðbréfin eru valin á grundvelli umhverfislegra- félagslegra og stjórnumarlegra viðmiða.

Fjárfestingarárangur vátryggingatengdu fjárfestingarafurðar þinnar byggir á þáttöku þinni í ágóðahlutdeild og fjárfestingarárangri verðbréfasjóðanna.

Markhópur fjárfesta

Þessi afurð er hentar viðskiptavinum sem vilja byggja upp lífeyriseign sem hluta af lífeyrisráðstöfunum sínum yfir lengri tíma og fá ævilangan lífeyri eða eina summugreiðslu þegar hann nær eftirlaunaaldri og leggur jafnframt áherslu á sjónarmið um sjálfbærni í sinni lífeyrisráðstöfunum sínum. Viðskiptavinurinn samþykkir töluverðar virðisbreytingar á líftíma samningsins sem geta risið vegna fjárfestinga í verðbréfasjóðum. Viðskiptavinurinn er meðvitaður að fjárfestingarárangur afurðarinnar er ekki tryggður yfir líftíma samningsins eða þegar kemur að eftirlaunaaldri. Það er áhætta á tapi þeirra iðgjalda sem eru greidd til samningsins. Engrar sérstakrar þekking á verðbréfamörkuðum eða reynsla af vátryggingatengdum fjárfestingarafurðum eða pakkatengdum fjárfestingarafurðum er krafist til þess að skilja þau réttindi sem afurðin veitir.

Tryggingar og kostnaður

Vátryggingaverndin felst í ævilöngum tryggðum lífeyri sem er reiknaður á grundvelli reikniákana sem eru í gildi við upphaf jafnra lífeyrisgreiðslna og samningseignar á því tímamarki. Þegar jafnar lífeyrisgreiðslur eru reiknaðar er að lágmarki notaður sá tryggingarstuðull sem var samþykktur þegar samningurinn var gerður. Jafnar lífeyrisgreiðslur geta hækkað vegna ótryggðra réttinda sem fylgja úthlutaðri ágóðahlutdeild eftir að lífeyrisgreiðslur hefjast. Þú getur valið skilmála sem felst í klassískum jafngreiðslum með tryggðu lífeyristímabili eða sveigjanlegum sjóðatengdum lífeyrisgreiðslum. Í staðinn fyrir reglulegar lífeyrisgreiðslur getur þú valið um útborgun á allri samningseign við upphaf lífeyristímabils. Í tilfalli andláts hins tryggða eru samþykktar dánarbætur greiddar (sjá § 1 í almennum tryggingarskilmála fyrir Future Plan^{Plus} og § 1 í sérstökum tryggingarskilmála fyrir sveigjanlegan lífeyri). Fjárhæð þeirra réttinda er tiltekin í kaflanum "Hvaða áhætta er tekin og hvað fæ ég hugsanlega í staðinn?".

Útreikningar í þessu lykilupplýsingaskjali eru byggðir í dæmaskyni á 27 ára gömlum tryggðum einstakling, tryggingasamningurinn hefst 1 janúar 2024 og 40 árlegar iðgjaldsgreiðslur sem nema EUR 1.000 hver. Þessi dæmaútreikningur felur í sér árlegt meðaliðgjald (áhættuiðgjald) sem nemur EUR 0,00 fyrir vátryggingavernd. Árlegt meðal áhættuiðgjald er því 0,00 % af heildarfjárfestingu hvers árs. Þetta þýðir að meðaltali að EUR 1.000 fer til fjárfestinga á hverju ári. Áhrif áhættuiðgjalds fyrir vátryggingavernd á fjárfestingarárangur í enda meðmæltis samningstímabils er því eins og neðan greinir.

Þetta skjal var upphaflega skrifað á þýsku. Íslenska þýðingin er æluð fyrir gagnsæi og upplýsingar. Ef einhver munur er á milli þýska textans og íslensku þýðingarinnar, skal þýski textinn gilda.

Dieses Dokument wurde in deutscher Sprache verfasst. Die isländische Übersetzung dient der Transparenz und Information. Bei Abweichungen zwischen dem deutschen und dem isländischen Text ist der deutsche Text maßgebend.

Meðal fjárfestingarárangur hvers árs er 0,00 %. Þar er tekið tillit til þess hluta iðgjalds sem fer til söfnunar og byggir því upp áætlað samningsvirði.

Hvaða áhætta er fyrir hendi og hvað fæ ég hugsanlega í staðinn?

Áhættuvísir



Minni áhætta



Áhættuvísirinn gengur út frá þeirri forsendu að samningstíminn sé 40 ár. Ef að þú leysir inn fjárfestinguna snemma, getur raunáhætta breyst verulega og þú fengið minna

Meiri áhætta

Skali áhættuvísisins hjálpar þér að meta áhættuna sem fylgir þessari vöru þegar borið er saman við aðrar sambærilegar vörur. Hann sýnir þér hversu líklegt er að þú tapir peningum á þessari vöru vegna þess að verðbréfamarkaðir hegði sér á tiltekin hátt eða þá að við getum ekki greitt þér. Við höfum flokkað þessa vöru með áhættustuðli 4 á skalanum 1-7 þar sem 4 er meðaláhætta. Áhætta af hugsanlegu tapi vegna framtíðar fjárfestingarárangurs er flokkuð sem miðlungs. Við óhagstæðar markaðsaðstæður er mjög ólíklegt að geta okkar til að efna samninginn við þig skerðist. Þessi vara innifelur ekki neina vernd gegn framtíðarþróun verðbréfamarkaða svo að þú getur tapað fjárfestingu þinni að hluta eða öllu leyti

Afkomusviðsmyndir

Það sem þú færð út úr þessari vöru byggir á þróun verðbréfamarkaða. Þróun verðbréfamarkaða í framtíð er óviss og útilokað er að spá fyrir um hana með nákvæmni. Kynntar afkomusviðsmyndir eru byggðar á fyrri afkomu og tiltekinni áætlana um framtíðina.

Meðmæltur samningstími:		þar til í enda iðgjaldgreiðslutímabils, hérna 40 ár		
Dæmi um fjárfestingu:		1.000 EUR á ári		
Áhættuiðgjald:		0,00 EUR á ári (innifalið í eigninni)		
		Ef þú innleysisr eftir 1 ár	Ef þú innleysisr eftir 20 ár	Ef þú innleysisr eftir 40 ár
Minimum	Það er engin tryggður lífeyrir. Þú getur tapað fjárfestingu þinni að öllu leyti eða hluta.			
Lágmark Sviðsmynd	Hvað þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	490 EUR	5.610 EUR	6.130 EUR
	Meðalávöxtun á ári	-50,5 %	-14,6 %	-14,0 %
Óhagstæð Sviðsmynd	Hvað þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	620 EUR	13.780 EUR	22.880 EUR
	Meðalávöxtun á ári	-38,3 %	-3,7 %	-3,0 %
Hófleg Sviðsmynd	Hvað þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	650 EUR	21.490 EUR	54.390 EUR
	Meðalávöxtun á ári	-34,6 %	0,7 %	1,4 %
Hagstæð Sviðsmynd	Hvað þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	690 EUR	34.450 EUR	152.370 EUR
	Meðalávöxtun á ári	-31,0 %	4,9 %	5,7 %
Fjárhæð sem fjárfest er á samningstíma Sviðsmynd í tilfalli andláts		1.000 EUR	20.000 EUR	40.000 EUR
Andlát	Það sem réttthafar gætu fengið eftir frádrátt kostnaðar	750 EUR	21.590 EUR	54.390 EUR
Áhættuiðgjald á samningstíma		0,00 EUR	0,00 EUR	0,00 EUR

Fjárhæðirnar að ofan taka tillit til alls kostnaðar af vörunni sjálfri og kostnaði ráðgjafa þíns eða váttryggingamiðlara. Þær taka ekki tillit til skattgreiðslna þinna, sem geta haft áhrif á lokafjárhæðina sem þú færð.

Hvað gerist ef VPV Lebensversicherungs-AG getur ekki greitt tryggingagreiðslur?

Það er lögbundin ábyrgðarsjóður (Kafli 221, og áfram, í lögum um váttryggingareftirlit) sem heitir Protektor Lebensversicherungs-AG. VPV Lebensversicherungs-AG er þáttakandi í ábyrgðarsjóðnum. Hann verndar tryggingakröfur frá tryggingartökum, hina váttryggðu, réttthafa og aðra sem réttindi telja til tryggingarsamnings. Fjármálaeftirlitið getur lækkað samningsbundnar tryggðar tryggingagreiðslur um hámark 5%.

Hver er kostnaðurinn?

Kostnaður yfir tíma

Neðangreindar töflur sýna fjárhæðir sem teknar eru frá fjárfestingu þinni til þess að greiða ýmislegan kostnað. Þessar fjárhæðir fara eftir fjárhæð fjárfestingar, hve lengi varan er í gildi og hvaða fjárfestingarárangri hún nær. Fjárhæðirnar sem eru sýndar sýna fjárfestingu í dæmaskyni og mismunandi fjárfestingartíma.

Við höfum gefið okkur eftirfarandi forsendur:

Þetta skjal var upphaflega skrifað á þýsku. Íslenska þýðingin er ætluð fyrir gagnsæi og upplýsingar. Ef einhver munur er á milli þýska textans og íslensku þýðingarinnar, skal þýski textinn glíða. Dieses Dokument wurde in deutscher Sprache verfasst. Die isländische Übersetzung dient der Transparenz und Information. Bei Abweichungen zwischen dem deutschen und dem isländischen Text ist der deutsche Text maßgebend.

- Fyrsta árið færðu fjárhæðina sem fjárfest var til baka (0% árleg ávöxtun). Fyrir önnur samningstímabil höfum við gengið út frá að varan þróist eins og ráð er fyrir gert í hóflegu sviðsmyndina að ofan
- EUR 1,000 eru fjárfestar á ári

	Ef þú innleysir eftir 1 ár	Ef þú innleysir eftir 20 ár	Ef þú innleysir eftir 40 ár
Heildarkostnaður	377 EUR	6.214 EUR	21.563 EUR
Árleg hlutfallstala kostnaðar (*)	45,2 %	3,2 %	2,4 %

(*) Þessar tölur lýsa því hvernig kostnaður lækkar ávöxtun þína yfir samningstímamann. Til dæmis, ef þú innleysir eftir í lok meðmæltis samningstíma væri árleg meðalávöxtun þín 3,8% fyrir kostnað og 1,4% eftir kostnað.

Við getum deilt kostnaðinum með okkur og þeim aðila sem hafa milligöngu um samningsgerðina til að greiða þá þjónustu sem þér er veitt.

Samsetning kostnaðar

Einskiptiskostnaður við samningsgerð eða innlausn		Árlegur kostnaður ef innleyst er eftir 40 ár
Samningsgerð	2,50% af heildarfjárfestingu. Þessi kostnaður er innifalinn í fjárfestingu þinni.	0,1 %
Innlausn	Innlausnarkostnaður "Á ekki við" er tiltekin í næsta dálk þar sem hann er ekki felldur á ef þú heldur í vöruna út meðmæltan samningstíma	Á ekki við
Viðvarandi kostnaður á ári		
Umsýslugjöld og annar stjórnunar- og rekstrarkostnaður	0,80 % - 1,93% af verðmæti samningsinneygna þinnar á ári, 5,00 % af greiddum iðgjöldum og EUR 12 árlega. Þetta er áætlun byggð á raunkostnaði síðasta árs.	2,0 %
Færslugjöld	0,06% - 0,52% af verðmæti samningsinneygna þinna á ári. Þetta er áætlun á þeim kostnaði sem til fellur þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar í vörunni. Raunfjárhæð fer eftir því hve mikið við kaupum og seljum.	0,3 %

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið peninga út snemma?

Meðmæltur samningstími: þar til í enda greiðslutímabils, í þessu tilfelli 40 ár

Þú getur hætt við samningsgerð þína innan 30 daga frá henni (sjá líka upplýsingar í gr. 1 og 2 VVG-InfoV). Þú sérð frekari upplýsingar hvernig skal afturkalla í leiðbeiningum um afturköllum sem þú færð með tryggingarskírteini þínu.

Söfnunarlíftryggingar sem veita lífeyri í formi ævilangs jafns lífeyris eru miðaðar við upphaf lífeyrisgreiðslna í tilfelli fjárfestingartímans. Þessi vara getur verið gerð fyrir mismunandi greiðslutímabil. Útreikningarnir í dæmaskyni voru gerðir miðað við 40 ára greiðslutímabil. Þú getur sagt upp tryggingu þinni hvenær sem er áður en lífeyrisgreiðslur hefjast, í enda hvers tryggingartímabils. Þú munt þá eignast endurkaupsverðið eftir að dregin hefur verið frá þér uppsagnarkostnaður á þeim tíma. Þú getur fundið meiri upplýsingar um þetta í gr. 15 í tryggingarskilmála Future Plan^{Plus}. Ef að þú segir upp samningnum fyrir samþykktan lífeyrisaldur, getur áhættuvísirinn verið hærri. Að auki getur aukin kostnaður fallið til. Þeir eru tilteknir í kaflanum "Hver er kostnaðurinn?".

Hvernig get ég kvartað?

Ef þú vilt kvarta yfir vörunni, váttryggingamiðlaranum eða váttryggingafélaginu, getur þú hringt í kvörtunarsíma +49 711/13 91 60 00. Þú getur líka lagt inn kvörtun á veffanginu www.vpv.de/is/priips, með pósti (VPV Lebensversicherungs-AG, Mittlerer Pfad 19, 70499 Stuttgart, Germany) eða með tölvupósti (info@vpv.de).

Aðrar viðeigandi upplýsingar

Þú munt finna aðrar viðeigandi upplýsingar í persónulegu tilboði sem við værum glaðir að gera fyrir þig. Fyrir og eftir samningsgerð færð þú mikilvægar upplýsingar í eftirfarandi skjölum sem þú hefur lagalegan rétt til: Tryggingarskírteini, upplýsingar skv. VVG-InfoV, almennar neytandaupplýsingar, tryggingarskilmálar, skattaupplýsingar. Þú getur líka fengið frekari upplýsingar á veffanginu www.vpv.de/basisinfo.